

Aðalfundur Læknafélags Íslands
14. október 2022

Ályktun
um sjúkraskrárkerfi

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi þann 14. október 2022 skorar á heilbrigðisráðherra að gera sjúkraskrár aðgengilegar öllum þjónustuveitendum í einum miðlægum óháðum gagnagrunni. Slíkur ráðahagur myndi auka öryggi sjúklinga, bæta vinnuumhverfi lækna verulega og minnka sóun. Almennigur þarf að geta treyst því að lykilupplýsingar séu læknum aðgengilegar, samhliða því að fullrar persónuverndar sé gætt.